



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

2. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 24. maí 2024  
kl. 12.00 - 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Gestir: Kolbrún Halldórsdóttir og Vilhjálmur Hilmarsson.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar.
2. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.
3. Verkaskipting stjórnar.
4. Fundartími stjórnar.
5. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

### 1. Kjarasamningar.

Sigrún bauð Kolbrúnu Halldórsdóttur formann BHM og Vilhjálmu Hilmarsson hagfræðing BHM velkomin á fundinn.

Rætt var um stöðuna í kjarasamningum og fjármögnun stofnanasamnings félagsins. Ljóst er að leiðrétta þarf kjör prófessora samhliða leiðréttingu á launatöflu. Huga þarf að styttingu vinnuvikunnar fyrir akademískt starfsfólk og greiða kennsluyfirvinnu á sömu kjörum og aðra yfirvinnu.

Þá var til umræðu 7 gr. vinnan vegna lífeyrissjóðsamkomulagsins frá 2016 og jöfnun launa á milli markaða í áföngum. Próffessorar voru ekki með í fyrsta áfanga samkomulagsins og ekki útlit fyrir að þeir verði með í áfanga tvö sem er ekki hægt að sætti sig með hliðsjón að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lífeyrissjóðskerfinu.

Kolbrún og Vilhjálmur viku af fundi kl. 13.35.

### 2. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.

Rætt var um kröfugerð félagsins og áherslur sbr. umræðu hér ofar.

### 3. Verkaskipting stjórnar.

Rætt var um verkaskiptingu stjórnar á starfsárinu. Samþykkt var að Ólafur Páll Jónsson verði áfram varaformaður. Nýr gjaldkeri verður Zophonías Oddur Jónsson sem tekur við af Grétari Þór Eypórssyni sem var að hætta í stjórn.

**4. Fundartími stjórnar.**

Næsti fundur verður föstudaginn 31. maí kl. 12-14.

**5. Önnur mál.**

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.

Fundarritari: LP.